

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu.

1. *Hve margir einstaklingar með skerta starfsgetu, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, starfa í fjármála- og efnahagsráðuneytinu?*

Enginn starfsmaður með skerta starfsgetu starfar í ráðuneytinu um þessar mundir.

2. *Hefur stefna verið mótuð fyrir ráðuneytið um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu?*

Ekki hefur verið mótuð sérgreind stefna fyrir ráðuneytið um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu. Í mannauðsstefnu Stjórnarráðsins kemur fram að allt starfsfólk á að eiga sömu möguleika á að geta nýtt hæfileika sína í starfi og skal ekki að sæta mismunun af nokkrum toga. Þetta tekur m.a. til starfsfólks með skerta starfsgetu.